# ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN UM FRAMLAGNINGU ÞINGMÁLA Á VETRAR- OG VORÞINGI 2023[1]

| FORSÆTISRÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| | | **Áætlaður útbýtingar-dagur eða staða máls** |
| 1. | **Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð.** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um rýni á beinum erlendum fjárfestingum vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.** | Nóvember → 31. mars. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (fjármálaeftirlitsnefnd).** | Nóvember – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um ríkislögmann.** | 31. mars. |
| 5. | **Tillaga til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.** | Nóvember – lögð fram. |
| 6. | **Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2021.** | Október – lögð fram. |
| 7. | **Skýrsla forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.** | 31. maí. |
| 8. | **Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.** | 31. maí. |
| 9. | **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026.**<br>Tillagan felur í sér að unnið verði markvisst að aðgerðum gegn hatursorðræðu með m.a. réttarbótum, fræðslu og vitundarvakningu. Um er að ræða fjölbreyttar aðgerðir sem snerta málefnasvið margra ráðuneyta og miða að því að bæta stöðu og réttindi fólks sem er í viðkvæmri stöðu fyrir að verða fyrir hatursorðræðu í samfélaginu. | 28. febrúar. |
| 10. | **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028.**<br>Í tillögunni er kveðið á um að unnið skuli að eflingu barnamenningar til ársins 2028 í samræmi við aðgerðaáætlun sem birtist í þingsályktuninni. Tillagan samanstendur af tveimur köflum, annars vegar um framtíðarsýn, markmiðum og áherslum, hins vegar aðgerðaáætlun í fjórum liðum. Í aðgerðaáætluninni er lögð megináhersla á að börn og ungmenni verði virkir þátttakendur í íslensku menningarlífi og barnamenning stór hluti þess. | 28. febrúar. |

[1] Ný mál eru auðkennd með því að þeim fylgir lýsing á efni. Niðurfelld mál eru með ljósara letri.

| Dómsmálaráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um landamæri.** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (kennitöluflakk).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd).** | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 (reikningshald Kirkjugarðasjóðs o.fl.).** | September – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála o.fl. (ýmsar breytingar).** | September – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um sýslumann.** [Breytt heiti frumvarps.] | September → 1. febrúar. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (afbrotavarnir og vopnaburður).** [Breytt heiti frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi (málsmeðferð o.fl.).** [Breytt heiti frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (sameining sýslumannsembætta).** | Nóvember → 15. mars. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (örorkumat o.fl.).** | Fellt niður. |
| 11. | **Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (ýmsar breytingar).** | Nóvember → 15. mars. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (sameining héraðsdómstólanna).** | Nóvember → 23. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (öflun og varsla skotvopna).** | Nóvember → 28. febrúar. |

| | | |
|---|---|---|
| **14.** | **Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkissjóðs (vefverslun með áfengi).** | Nóvember → 30. janúar. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984 (einföldun málsmeðferðar).** | Fellt niður. |
| **16.** | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum fyrir fötluð börn, nr. 47/2010 (Hjalteyri).** | 28. febrúar. |
| 17. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997 (ýmsar breytingar).** | Fellt niður. |
| **18.** | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (ýmsar breytingar vegna skipulagðrar brotastarfsemi).** | 15. mars. |
| **19.** | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (dvalarleyfi).** | 28. febrúar |
| 20. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (bótafjárhæðir).** | Fellt niður |
| **21.** | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (rafræn miðlun gagna).** Frumvarpið miðar að því að gera þá löggjöf sem um ræðir tæknilega hlutlausa svo að unnt sé að miðla gögnum í auknum mæli rafrænt á milli stofnana og aðila réttarkerfisins, þar á meðal með notkun svonefndar réttarvörslugáttar í sakamálum. | 8. mars |
| **22.** | **Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (heimabruggun).** Með frumvarpi til breytinga á áfengislögum er ráðgert að afnema bann við heimabruggun á áfengi til einkaneyslu. Þó er gert ráð fyrir því að áfram verði óheimilt að framleiða áfengi til einkaneyslu með eimingu, en það er m.a. til samræmis við löggjöf á Norðurlöndunum. | 15. mars. |
| **23.** | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 50/2016 (fjölgun dómara við Landsrétt).** Með frumvarpinu er lagt til að dómurum við Landsrétt verði fjölgað varanlega um einn, úr 15 í 16. | 15. febrúar. |

| Félags - og vinnumarkaðsráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 (stjórn Fræðslusjóðs).** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (desemberuppbót).** | Fellt niður. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris).** | Október – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning).** [Breytt heiti frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra eða fatlaðra barna.** | Nóvember → 31. mars. |
| 6. | **Frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisþjónustu.** | Nóvember → 21. mars. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (sérhæfð þekking).** [Breytt heiti frumvarps.] | Nóvember → 30. janúar. |
| 8. | **Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar.** | 31. mars. |
| 9. | **Frumvarp til laga um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.** | Fellt niður. |
| 10. | **Frumvarp til starfskjaralaga.** | 31. mars. |
| 11. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (endurskoðun greiðslukerfis vegna skertrar starfsgetu og endurhæfingar).** | 31. mars. |
| 12. | **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk.** | 15. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (framlenging á bráðabirgðaákvæði 1).**<br>Í frumvarpinu felst að framlengja gildistíma bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 38/2018 til loka árs 2024. Í frumvarpinu er einnig lagt til að veitt verði framlag til allt að 145 samninga NPA á árinu 2023 og allt að 172 samninga á árinu 2024. Framlagi skuli ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutdeild af fjárhæð samninga, á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum. Jafnframt er lagt til að upptalning á framlagi ríkissjóðs til NPA-samninga áranna 2018–2022 verði felld brott. | Desember – lagt fram. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (frítekjumark og skerðingahlutfall).**<br>Frumvarpið felur í sér breytingar á 5. mgr. 18. gr. og 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða laga um almannatryggingar er lúta að örorkulífeyri og tengdum greiðslum. Lagt er til að lækka skerðingarhlutfall örorkulífeyris, endurhæfingarlífeyris og aldurstengdrar örorkuuppbótar úr 11% í 9% og hækka sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar og heimilisuppbótar úr 1.315.200 kr. í 2.400.000 kr. á ári. | Desember – lagt fram. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu a lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006 (sameining** | 15. febrúar. |

| | | |
|---|---|---|
| | **Vinnumálastofnunar og Fjölmenningarseturs).** Með frumvarpinu er lagt til að sameina Vinnumálastofnun og Fjölmenningarsetur þannig að öll þjónusta sem snýr að innflytjendum, flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd verði á hendi einnar stofnunar hér á landi. Fyrirhugaðri sameiningu er ætlað að ná fram samlegðaráhrifum milli stofnana til að innflytjendur, flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd geti leitað á einn stað vegna þeirrar umfangsmiklu þjónustu sem ráðuneytinu og stofnunum þess er ætlað að veita. | |
| 16. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (EES-reglur, vinnutímaskráning starfsmanna).** Gert er ráð fyrir að í frumvarpinu verði lagðar til breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í því skyni að koma til móts við ábendingar Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins 2003/88/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. | 15. mars. |
| 17. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES-reglur, frjáls för launafólks).** Gert er ráð fyrir að í frumvarpinu verði lagðar til breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins og eftir atvikum öðrum lögum í því skyni að koma til móts við ábendingar Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/54/ESB, um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega. | 15. mars. |

| Fjármála- og efnahagsráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023.** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings 2021.** | September – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga).** [Breytt heiti frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um greiðslureikninga.** [Breytt heiti frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um evrópska langtímafjárfestingarsjóði.** [Breytt heiti frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 7. | **Frumvarp til laga um peningamarkaðssjóði.** | September – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2022.** | Október – lagt fram. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (starfsleyfi lífeyrissjóða).** | Október → 31. mars. |
| 10. | **Frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.** [Breytt heiti frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 11. | **Frumvarp til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.** [Breytt heiti frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um vátryggingastarfsemi (búsetuskilyrði stjórnenda).** | Október – lagt fram. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.).** | Nóvember – lagt fram. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálafyrirtæki (sértryggð skuldabréf).** [Breytt heiti frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytta gjaldtöku vegna notkunar bifreiða o.fl. (gjaldtaka ökutækja eldsneytis o.fl.).** | Nóvember → 31. mars. |
| 16. | **Frumvarp til laga um meðferð eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum.** | Nóvember → 31. mars. |
| 17. | **Frumvarp til laga um flýti- og umferðargjöld á höfuðborgarsvæðinu.** | Nóvember → 31. mars. |
| 18. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (barnabætur).** | Fellt niður. |
| 19. | **Frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði.** | Fellt niður. |
| 20. | **Frumvarp til laga breytingu á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lögum um verðbréfasjóði og fleiri lögum (sala sjóða yfir landamæri, höfuðsjóðir og fylgisjóðir o.fl.).** | 20. mars. |
| 21. | **Frumvarp til laga um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins.** | 31. mars. |
| 22. | **Frumvarp til laga um verðbréfun.** | Fellt niður. |
| 23. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir og lögum um lánasýslu ríkisins (endurskoðun).** | 28. febrúar. |
| 24. | **Frumvarp til laga um fjárfestingar ríkisins.** | 31. mars. |
| 25. | **Frumvarp til laga um samevrópska séreignarafurð.** | Fellt niður. |

| | | |
|---|---|---|
| 26. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 (afleiðuviðskipti, miðlægir mótaðilar o.fl.).** | Fellt niður. |
| 27. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020 (lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar o.fl.).** [Breytt heiti frumvarps.] | 28. febrúar. |
| 28. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (stafræn viðskipti yfir landamæri).** | 31. mars. |
| 29. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (eftirlitsheimildir, uppgjörstímabil o.fl.).** | 31. mars. |
| 30. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (reiknað endurgjald).** | Fellt niður. |
| 31. | **Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028.** | 31. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| | **HÁSKÓLA-, IÐNAÐAR- OG NÝSKÖPUNARRÁÐHERRA** | |
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005 (gildistími).** | Fellt niður. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996 (endurskoðun).** | Nóvember → 30. mars. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um handiðnað, nr. 42/1978 (útgáfa sveinsbréfa).** | 28. febrúar. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997 (endurskoðun).** | 30. mars. |
| 5. | **Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi.** | Nóvember → 28. febrúar. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 70/2022, og fleiri lögum (aðgengi að fjarskiptanetum o.fl.).** Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ákvæði í fjarskiptalög um opinn aðgang að fjarskiptanetum, sem hafa notið ríkisaðstoðar, viðmið um verðlagningu slíkra neta og heimild fyrir Fjarskiptastofu til að skera úr um ágreining þar að lútandi. Tryggð verði lagastoð fyrir innleiðingu á reglugerðar (EB) 2021/1232, um undanþágur frá reglum um fjarskiptaleynd fyrir tímabundna vöktun á því hvort umferð um fjarskiptanet hafi að geyma barnaníðsefni. Þá er um að ræða breytingu á lögum um íslensk landshöfuðlén til að sporna við netglæpum, þar á meðan kynferðislegu ofbeldi gegn börnum með auknum heimildum lögreglu og samvinnu skráningarstofu íslenskra léna. | 30. mars. |

| Heilbrigðisráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til sóttvarnalaga.** | Desember – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000 (bótaréttur vegna bólusetninga).** [Breytt heiti frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 (innihaldsefni, rekjanleiki, umbúðir o.fl.).** [Breytt heiti frumvarps.] | Desember – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins).** | Desember → 15. febrúar. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um landlækni og lýðheilsu (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn óvæntra atvika).** | Desember → 28. mars. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörkun á beitingu nauðungar).** | 28. febrúar. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna).** | 6. mars. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afnám refsingar).** | 22. mars. |
| 9. | **Tillaga til þingsályktunar um áætlun um framkvæmd geðheilbrigðisstefnu til fimm ára.** | 3. febrúar. |
| 10. | **Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýð-heilsustefnu til fimm ára.** | Desember →8. mars. |
| 11. | **Skýrsla heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd heilbrigðisstefnu til fimm ára.** | 15. mars. |
| 12. | **Frumvarp til breytinga á lögum nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu (heilbrigðisskrár).**<br>Með frumvarpinu verður lagt til að setja inn nýjan kafla í lög um landlækni og lýðheilsu. Áformað er að gera grein fyrir tilgangi heilbrigðisskráa auk tegunda þeirra. Kveðið verður á um grunnskrár heilbrigðisþjónustu og meðferðartengdar heilbrigðisskrár hins vegar, sem er breyting frá núgildandi lögum. Einnig verður lagt til að setja inn ákvæði um gæðaskrár | 29. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um lækningatæki (upplýsingar um birgðastöðu).**<br>Með frumvarpinu verður lagt til að gerð verði breyting á lögum til að setja lagastoð fyrir upplýsingasöfnun og upplýsingagjöf um birgðir allra lyfja, þ.m.t. undanþágulyfja sbr. 12. gr. lyfjalaga og mikilvægra lækningatækja hér á landi frá öllum aðilum sem halda þessar birgðir. Frumvarp þetta er liður í innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/123 frá 25. janúar 2022 um að styrkja hlutverk Lyfjastofnunar Evrópu að því er varðar viðbúnað við krísu og krísustjórnun varðandi lyf og lækningatæki. | 10. mars. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (upplýsingagjöf til lögreglu).**<br>Með frumvarpinu verður lögð til breyting á 17. gr. laganna um trúnað og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna þannig að heimild | 28. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| | fyrir heilbrigðisstarfsmenn til þess að upplýsa lögreglu um heimilisofbeldismál sem rata inn á þeirra borð verði skýrari og rýmri. Einnig að heilbrigðisstarfsmönnum verði með nýju ákvæði tryggð heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum til lögreglu í málum vegna sérstaklega hættulegra einstaklinga | |

| INNVIÐARÁÐHERRA | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (skráning samninga og breytinga á leigufjárhæð).** [Breytt heiti frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971 (tilfærsla á innheimtu meðlaga o.fl.).** | September. → 3. mars. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu, nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði).** | September – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur.** | September – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2018 (EES-reglur, einföldun útgáfu leyfa).** | September – lagt fram. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (EES-reglur, ökutæki o.fl.).** | Október – lagt fram. |
| 8. | **Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.** | Október → 3. febrúar. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur).** | Nóvember → 3. febrúar. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, nr. 123/2012 (framboð hagkvæms húsnæðis).** | Október → 3. mars. |
| 11. | **Frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða.** | Nóvember → 28. mars. |
| 12. | **Frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála.** | Nóvember → 3. febrúar. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.).** | Nóvember → 28. febrúar. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003 (skipulag, gjaldtaka o.fl.).** | Febrúar → 21. mars. |
| 15. | **Frumvarp til laga um almenningssamgöngur.** | 28. febrúar. |
| 16. | **Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun.** | Janúar → 14. mars. |
| 17. | **Tillaga til þingsályktunar um húsnæðisstefnu.** | Janúar → 14. mars. |
| 18. | **Tillaga til þingsályktunar um stefnumótun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.** | Janúar → 14. mars. |
| 19. | **Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu.** | 14. mars. |
| 20. | **Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (leiguskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar)**<br>Frumvarpinu er annars vegar ætlað að skýra nánar heimildir til upplýsingamiðlunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til leiðréttingar á upplýsingum sem fram koma í leiguskrá og hins vegar skilgreiningu aðila sem stunda leigu húsnæðis í atvinnuskyni og ber skylda til skráningar leigusamninga samkvæmt húsaleigulögum | 28. mars. |
| 21. | **Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.**<br>Um heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að ræða. Hlutverk sjóðsins verði áfram að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr | 14. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| | sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. | |

| | | |
|---|---|---|
| | **MATVÆLARÁÐHERRA** | |
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða opinbert eftirlit Matvælastofnunar (samræming gjaldtökuheimilda).** [Breytt heiti frumvarps.] | Nóvember – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 (aflvísar ).** | Nóvember – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (rafvæðing smábáta).** | Nóvember – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (afnám tegundatilfærslu í deilistofnum botnfisks o.fl.).** [Breytt heiti frumvarps.] | Nóvember → 23. janúar. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða).** | 28. febrúar. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu).** | Febrúar → 31. mars. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (samkeppni í framleiðslu og sölu búvöru).** | Fellt niður. |
| 8. | **Frumvarp til laga um Land og Skóg.** [Breytt heiti frumvarps.] | 28. febrúar. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 (gildissvið).** | 31. mars. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlög og tengdir aðilar).** | 31. mars. |
| 11. | **Tillaga til þingsályktunar um Matvælastefnu.** | Febrúar → 7. mars. |
| 12. | **Tillaga til þingsályktunar um Landbúnaðarstefnu Íslands.** | Febrúar → 7. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018 (framkvæmd fyrninga).**<br>Frumvarpið felur í sér að sett er þak á fyrningar skipa og skipsbúnaðar sem geta komið til frádráttar við útreikning á reiknistofni veiðigjalds skv. 5. gr. laga nr. 145/2018, um veiðigjald. | Nóvember – lagt fram. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (orkuskipti).**<br>Frumvarpið kveður á um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er varða græn skref í sjávarútvegi. Breytingin lýtur að því að innleiða hvata til orkuskipta tiltekinna skipa sem hafa heimild til að veiða með krókaaflamarki. | Nóvember – lagt fram. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (fóður og lyfjablandað fóður).**<br>Með frumvarpinu er fyrirhugað að færa lagaheimild til innflutnings og framleiðslu lyfjablandaðs fóður úr lyfjalögum nr. 100/2020 yfir í lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Þá verður 7. gr. laga nr. 22/1994 breytt þannig að hún endurspegli gildandi EES-rétt er varðar fóðrun á svínum og alifuglum. | 28. febrúar. |

| Menningar- og viðskiptaráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (hluthafafundir o.fl.).** | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019 (skipti eða slit tiltekinna skráningarskyldra aðila).** | September – lagt fram. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (styrkir til einkarekinna fjölmiðla).** | Október – lagt fram. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, nr. 110/2016 (framlenging á gildistíma).** | Október – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (endurskoðun).** | Október → 31. mars. |
| 6. | **Frumvarp til tónlistarlaga.** | Desember – lagt fram. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar).** | Október → 15. febrúar. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja (starfsleyfi).** | Október→ 1. febrúar. |
| 9. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. (innleiðing EES-gerðar).** | Nóvember → 5. febrúar. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003 (innleiðing reglugerðar).** | Nóvember → 5. febrúar. |
| 11. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur endurskoðenda o.fl.).** | Nóvember → 15. mars. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og fleiri lögum (rafrænar þinglýsingar, skuldaviðurkenningar o.fl.).** | Nóvember → 10. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (hljóð- og myndmiðlunarþjónusta).** | Janúar→ 1. mars. |
| 14. | **Frumvarp til laga um bókhald.** | Fellt niður. |
| 15. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. (sektarákvæði, framkvæmd ársreikningaskrár, stærðarmörk félaga og endurskoðunarmörk).** | 15. mars. |
| 16. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (arðgreiðslur, samruni o.fl.).** | 15. mars. |
| 17. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (innleiðing).** | Fellt niður. |
| 18. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006 (heildarendurskoðun).** | Fellt niður. |
| 19. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (innleiðing EES gerðar).** | 15. mars. |
| 20. | **Frumvarp til markaðssetningarlaga.** | Fellt niður. |
| 21. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendakaup, nr. 48/2003, o.fl. (innleiðing).** | 15. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| 22. | **Tillaga til þingsályktunar um myndlistarstefnu til 2030 (stefnumótun og aðgerðaáætlun).** | 31. janúar. |
| 23. | **Tillaga til þingsályktunar um tónlistarstefnu fyrir árin 2023–2030 (stefnumótun og aðgerðaáætlun).** | 23. janúar. |
| 24. | **Frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími).**<br>Markmið frumvarpsins er annars vegar að formbinda samráð milli safnafólks og stjórnvalda og hins vegar að samræma skipunartíma forstöðumanna höfuðsafna á Íslandi. | 23. janúar. |
| 25. | **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun hönnunarstefnu stefnumótunar í málefnum hönnunar og arkitektúrs.**<br>Þingsályktunin inniheldur aðgerðaáætlun fyrir árin 2023-2026 sem skýrir forgangsröðun og markmið nýrrar stefnumótunar í málaflokknum. (stefnumótun og aðgerðaáætlun). | 21. febrúar. |
| 26. | **Tillaga til þingsályktunar um fjölmiðlastefnu (stefnumótun og aðgerðaáætlun).**<br>Þingsályktunartillagan er lögð fram í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og áherslur í fjármálaáætlun 2023-2027 um gerð fjölmiðlastefnu, þar sem m.a. er kveðið á um einkarekna fjölmiðla, fjölmiðlun í almannaþágu og miðla- og upplýsingalæsi almennings. Þingsályktunartillögunni fylgir skilgreind og tímasett aðgerðaráætlun til næstu fjögurra ára. | 21. febrúar. |
| 27. | **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026.**<br>Í tillögunni eru birtar aðgerðir sem menningar- og viðskiptaráðherra, forsætisráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og mennta- og barnamálaráðherra standa að og varða málefni íslenskrar tungu vítt og breitt í samfélaginu í þágu íslenskrar tungu (aðgerðaáætlun). | 27. mars. |
| 28. | **Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls (stefnumótun og aðgerðaáætlun).**<br>Í tillögunni er staða íslenska táknmálsins skýrð og er hún unnin í samræmi við íslenska málstefnu. Áherslur eru settar fram fyrir hverja af fimm meginstoðum málstefnu íslensks táknmáls. | 27. mars. |
| 29. | **Tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun í ferðamálum til 2030 (stefnumótun og aðgerðaáætlun).**<br>Í þingsályktunartillögunni er fylgt eftir stefnuramma um ferðaþjónustu frá 2019 og fram kemur ferðamálastefna til 2030 með framtíðarsýn, markmiðum og áherslum. Þeim áherslum er fylgt eftir með skilgreindri og tímasettri aðgerðaráætlun til næstu ára. | 15. mars. |

| Mennta- og barnamálaráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019 (hlutverk og meðferð upplýsinga).** | Október → desember. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (vinnustaðanám, samningar við einkaskóla o.fl.).** | Október → 31. mars. |
| 3. | **Frumvarp til laga um Menntarannsóknasjóð.** | Fellt niður. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl.).** | Október → 31. mars. |
| 5. | **Frumvarp til laga um barnavernd.** | Fellt niður. |
| 6. | **Frumvarp til laga um gagnaöflun um farsæld barna.** [Breytt heiti frumvarps.] | 31. mars. |
| 7. | **Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2026.** | 31. mars. |
| 8. | **Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála.** Frumvarpið felur í sér að ný þjónustustofnun á sviði menntamála verður sett á fót. Stofnunin verður þjónustu- og þekkingarmiðstöð um skólastarf og skólaþjónustu á skólastigum sem mennta- og barnamálaráðherra fer með. Frumvarpið felur jafnframt í sér niðurlagningu Menntamálastofnunar. | 28. febrúar. |

| Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra | | |
|---|---|---|
| 1. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.).** [Breytt heiti frumvarps.] | September – lagt fram. |
| 2. | **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við leit, rannsóknum og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsögunni (bann við olíuleit).** | September → 24. mars. |
| 3. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs).** | Október → 31. mars. |
| 4. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja).** [Breytt heiti frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 5. | **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (viðbótarkostnaður).** [Breytt heiti frumvarps.] | Október – lagt fram. |
| 6. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013 (hlutafélag um rekstur Carbfix).** | Október → 31. janúar. |
| 7. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (losun úrgangs í náttúrunni).** | Nóvember → 15. febrúar. |
| 8. | **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (samningar um raforkukaup).** | Desember → 31. mars. |
| 9. | **Frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.** | Fellt niður. |
| 10. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 (markmiðsákvæði, endurskoðun hættumats, sektir o.fl.).** | 31. mars. |
| 11. | **Frumvarp til laga um vindorku.** | 31. mars. |
| 12. | **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (orkuöryggi).** | 31. mars. |
| 13. | **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (sjálfstæði raforkueftirlits).** | 31. mars. |
| 14. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (breyting á stjórnsýslu loftslagsmála o.fl.).** | 31. mars. |
| 15. | **Frumvarp til laga um eldsneytisbirgðir.** | 31. mars. |
| 16. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-innleiðing, móttaka úrgangs í höfnum).** | 24. febrúar. |
| 17. | **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti.** | 31. mars. |
| 18. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð, nr. 76/2020 (Orku- og loftslagssjóður).**<br>Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar á fyrirkomulagi styrkveiting ráðuneytisins. Ráðuneytið rekur tvo sjóði, Orkusjóð og Loftslagssjóð, sem styrkja verkefni sem tengjast orkuskiptum og nýsköpun á sviði loftslagsmála. Þá hefur ráðuneytið veitt styrki til verkefna á málaefnasviði ráðuneytisins og þá sérstaklega styrki til innleiðingar á hringrásarhagkerfinu. Með frumvarpinu er ætlunin að framangreindar styrkveitingar verði sameinaðar. Gera þarf breytingar á lögunum og kveða á um sameinaðan sjóð, orku- og loftslagssjóð. | 24. mars. |

| | | |
|---|---|---|
| **UTANRÍKISRÁÐHERRA** | | |
| 1. | **Frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.** [Breytt heiti frumvarps.] | 20. febrúar. |
| 2. | **Frumvarp til laga um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit.** [Breytt heiti frumvarps.] | 20. febrúar. |
| 3. | **Tillaga til til þingsályktunar um staðfestingu rammasamnings um fiskveiðar milli Íslands og Færeyja.** | September – lögð fram. |
| 4. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2022 og nr. 249/2022 um breytingar á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og nr. 151/2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn.** | Október – lögð fram. |
| 5. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2021, nr. 54/2021, nr. 385/2021 og nr. 146/2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.** | Október – lögð fram. |
| 6. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 og nr. 398/2021 um breytingar á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, nr. 49/2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, nr. 77/2022, nr. 78/2022 og nr. 155/2022 um breytingar á X. viðauka (Almenn þjónusta) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.** | Október – lögð fram. |
| 7. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.** | Október – lögð fram. |
| 8. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, nr. 145/2022 og nr. 329/2022 um breytingar á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, nr. 191/2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, nr. 333/2022 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn og nr. 337/2022 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn.** | 28. febrúar. |
| 9. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2021 og nr. 70/2021 um breytingar á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn og nr. 270/2022 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.** | 28. febrúar. |
| 10. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 um** | Felld niður. |

| | | |
|---|---|---|
| | **breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.** | |
| 11. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2022 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.** | 28. febrúar. |
| 12. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.** | Felld niður. |
| 13. | **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem ekki hefur enn verið tekin.** | Febrúar → 30. mars. |
| 14. | **Skýrsla utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins.** | Janúar – lögð fram. |
| 15. | **Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.** | 9. mars. |
| 16. | Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á bréfaskiptasamningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu vegna ársins 2022. | Felld niður. |
| 17. | **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 með síðari breytingum (Bókun 35).**<br>Með frumvarpinu er ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar til þess að breyta innleiðingu bókunar 35 við EES samninginn og tryggja fulla virkni hans hér á landi í þágu einstaklinga og lögaðila. | 20. febrúar. |